

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Tálknafjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Af hundum í Tálknafjarðarhreppi skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Tálknafjarðarhreppi, nr. 707/2007.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisgjald, skráning, kr. 10.700.

Leyfisveiting eftir útrunninn frest, skv. 2. gr. samþykktar um hundahald, kr. 13.910.

Bráðabirgðaleyfi, kr. 3.750.

#### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 8.560.

#### 4. gr.

Árleg hundahreinsun og ábyrgðartrygging er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar.

#### 5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald:

Handsömum 1. skipti kr. 9.630

Handsömum 2. skipti kr. 19.260

Handsömum 3. skipti kr. 19.260

Fyrsta afhending – hundur án leyfis kr. 22.470

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

#### 6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 15. júlí og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

*F.h. Tálknafjarðarhrepps, 15. febrúar 2012,*

**Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir** oddviti.